

Samningur velferðarráðuneytisins og Rauða krossins á Íslandi vegna aðstoðar og þjónustu við kvótaflóttamenn og einstaklinga sem fengið hafa alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum á Íslandi

1. Samningsaðilar

- 1.1. Verkkaupi er velferðarráðuneytið, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík, kt. 601210-1340.
- 1.2. Verksali er Rauði krossinn á Íslandi, Efstaleiti 9, 103 Reykjavík, kt. 530269-2649. Hlutverk Rauða krossins byggist á grundvallarmarkmiðum Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans um mannúð, hlutleysi, óhlutdrægni, sjálfstæði og sjálfböðna þjónustu. Auk þess byggist hlutverk Rauða krossins á stoðhlutverki (e. *auxiliary role*) félagsins við stjórnvöld sem staðfest er með lögum um Rauða krossinn á Íslandi, nr. 115/2014. Félagið veitir stjórnvöldum ráðgjöf samkvæmt samningnum sem byggir m.a. á:
 - Sérfræðiþekkingu sem byggir á þátttöku í starfi Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans.
 - Samkomulagi og samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.
 - Samningi og samstarfi við innanríkisráðuneytið varðandi aðstoð og þjónustu við hælisleitendur.

2. Markmið

Með þessum samningi er unnið að því að tryggja árangursríka aðlögun flóttafólks með náinni samvinnu stjórnvalda, sveitarfélaga og Rauða krossins. Þá á einn samningur milli velferðarráðuneytisins og Rauða krossins á Íslandi að geta skapað svigrúm til gagnkvæmrar aðlögunar flóttafólks og heimamanna og jafnað enn frekar þjónustu og stuðning við flóttafólk sem hingað kemur eftir ólíkum leiðum.

Hlutverk Rauða krossins er að gæta hagsmuna flóttafólks og veita þeim félagslegan stuðning og úrræði, almenna liðveislu og fræðslu. Gert er ráð fyrir samstarfi milli landsskrifstofu Rauða krossins, Rauða kross deilda og viðkomandi sveitarfélaga við að veita aðstoð og þjónustu samkvæmt samningi þessum.

3. Verkefni

Með samningi þessum tekur Rauði krossinn á Íslandi sem verksali að sér:

- 3.1. Að nýta sérfræðiþekkingu starfsmanna og sjálfböðaliða á vegum Rauða krossins við móttöku, aðstoð og aðlögun flóttafólks.
- 3.2. Að flóttafólki standi til boða stuðningur sjálfböðaliða Rauða krossins. Þá er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti óskað eftir því við Rauða krossinn á Íslandi að hann hafi milligöngu um að bjóða flóttafólki stuðning sjálfböðaliða.
- 3.3. Að hafa umsjón með sjálfböðaliðum Rauða krossins og veita þeim fræðslu, stuðning og handleiðslu.
- 3.4. Að útvega innbú fyrir kvótaflóttafólk samkvæmt lista frá velferðarráðuneytinu og aðstoða það við kaup á húsbúnaði að eigin vali. Einnig að undirbúa íbúðir kvótaflóttafólks fyrir komu þess til Íslands.
- 3.5. Að aðstoða við að útvega flóttafólki nauðsynlegan fatnað og eftir atvikum vefnaðarvörur.
- 3.6. Að aðstoða flóttafólk við að komast í samband við nána ættingja í gegnum alþjóðlega leitarþjónustu, meðal annars til að hafa uppi á týndum ættingjum og/eða grafast fyrir um

örlög þeirra. Þannig megi endurvekja samband innan fjölskyldna sem hafa sundrast vegna átaka, ofsókna eða af öðrum orsökum.

- 3.7. Að veita flóttafólki almennar leiðbeiningar, fræðslu og ráðgjöf og vísa því á úrræði sem standa því til boða.
- 3.8. Að sjá til þess að flóttafólki standi til boða að sækja skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða krossins því að kostnaðarlausu.
- 3.9. Að kynna fyrir flóttafólkinu störf og verkefni Rauða kross deilda.
- 3.10. Að tryggja að flóttafólkinu standi reglulega til boða fræðsla um einkenni ofurálags og áfallastreitu.
- 3.11. Að veita sjálfboðaliðum og starfsfólki Rauða krossins og sveitarfélaga, sem koma að verkefnum með flóttafólki, fræðslu um sálrænan stuðning við flóttafólk.
- 3.12. Að miðla, ásamt samstarfsaðilum í sveitarfélögum, þekkingu og reynslu milli deilda Rauða krossins á landsvísu og sveitarfélaga og stuðla að aukinni samvinnu og samræmingu varðandi þjónustu við flóttafólk.

Gert er ráð fyrir a.m.k. tveimur upplýsingafundum á ári milli ráðuneytisins, Rauða krossins og þeirra sveitarfélaga sem taka á móti flóttafólki hverju sinni. Ráðuneytið boðar til fundanna.

4. Greiðslur

Verkkaupi greiðir verksala:

- 4.1. Fastan kostnað vegna þjónustu og verkefnisumsjónar á landsskrifstofu Rauða krossins að fjárhæð kr. 12.500.000 á hverju tólf mánaða tímabili sem miðast við 1,0 stöðugildi og innifelur heildarumsýslukostnað (25%). Verkefnisstjórinn hefur umsjón með flóttamannaverkefnum á landsvísu og veitir Rauða kross deildum aðstoð og þjónustu vegna kvótaflóttamanna og þeirra sem fá alþjóðlega vernd eftir hælismeðferð. Hámarksfjöldi sem verkefnisstjóri annast eru 85 mál á hverju tólf mánaða tímabili. Ef fjöldi mála í þjónustu fer yfir 85 á ársgrundvelli og þörf reynist á að bæta við starfskrafti í verkefnisumsjón greiðir ráðuneytið Rauða krossinum 147.000 kr. fyrir hvert mál sem er umfram þjónustu við 85 málin á ársgrundvelli.
- 4.2. Fastan kostnað vegna þjónustu og verkefnisumsjónar í gegnum Rauða kross deildir að fjárhæð kr. 11.700.000 á hverju tólf mánaða tímabili sem miðast við 1,0 stöðugildi og innifelur heildarumsýslukostnað (25%). Deildir hafa daglega umsjón með aðstoð við þá sem fengið hafa alþjóðlega vernd eftir hælismeðferð. Kostnaðurinn miðast við aðstoð við allt að 36 mál. Ef fjöldi mála í þjónustu deilda Rauða krossins fer yfir 36 á ársgrundvelli og þörf reynist á að bæta við starfskrafti í verkefnisumsjón hjá deildunum þá greiðir ráðuneytið Rauða krossinum 249.000 kr. fyrir hvert mál sem nýtur þjónustu umfram 36 málin. Ef ráða þarf fleiri verkefnisstjóra til Rauða kross deilda er áætlað að þeir geti hver um sig aðstoðað við allt að 47 mál.
- 4.3. Skilgreining á málum:

1 einstaklingur	1 mál
2 einstaklingar	1,5 mál
3 einstaklingar	2 mál
4 einstaklingar eða fleiri	2,5 mál

Greitt er 35% álag ef um er að ræða kvótaflóttafólk á fyrsta ári.

Greitt er fyrir ungmenni sem sérstakt mál ef einstaklingur yfir 18 ára aldri er búsettur með forráðamönnum.

- 4.4. Verkefnakostnað, þ.e kostnað vegna alþjóðlegs samstarfs, námskeiðahalds og handleiðslu fyrir starfsmenn að fjárhæð kr. 2.200.000 á hverju tólf mánaða tímabili sem tilgreindir eru í fylgiskjali 1.
- 4.5. Greitt er fyrir útlagðan kostnað vegna hvers máls í samræmi við kostnaðarliði sem tilgreindir eru í fylgiskjali 1. Ef útlagður kostnaður verður meiri en 8.000.000 kr. árlega upplýsir verksali verkkaupa þar um.
- 4.6. Allar tölur í 4. gr. samningsins eru miðaðar við launavísitölu 1. janúar 2017 og taka breytingum árlega í samræmi við breytingar á launavísitölu.
- 4.7. Verksali skal afla samþykkis verkkaupa til hvers konar óvenjulegra fjárhagslegra ráðstafana í tengslum við samninginn sem ekki verða leiddar beint af samningnum eða fara í bága við hann.
- 4.8. Verkkaupi greiðir verksala 46.100.000 kr. sem upphafsgreiðslu vegna samningsins fyrir þá þjónustu sem fram kemur í 3. gr. samningsins og í fylgiskjali 1 með samningi þessum. Fjárhæðin greiðist við undirritun samnings inn á reikning 0342-26-555, kt. 530269-2649.

5. Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir

- 5.1. Ríkisendurskoðun getur framkvæmt fjárhags- og stjórnáskilendurskoðun á samningnum samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997.
- 5.2. Halda skal kostnaði vegna verkefnisins sérgreindum í bókhaldi verksala og veita verkkaupa upplýsingar um fjárhagslega stöðu verkefnisins sé þess óskað. Upplýsingarnar skal afhenda eigi síðar en þremur vikum eftir að beiðni berst. Fjárhagslegu uppgjöri skal skila eigi síðar en 1. júní ár hvert.

6. Vanefndir

- 6.1. Telji verkkaupi framkvæmd verkefnisins, í heild eða að hluta, ábótavant (vanefnd) eða ef verksali uppfyllir ekki samningsskyldur sínar, þrátt fyrir að hafa fengið frest til úrbóta, skal verkkaupi gera skriflega athugasemd þar að lútandi. Ber verksala þá tafarlaust að ráðast í þær úrbætur sem teljast nauðsynlegar miðað við efni samningsins.
- 6.2. Verði verulegar eða ítrekaðar vanefndir af hálfu samningsaðila getur hvor aðili um sig sagt upp samningi þessum með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg.

7. Réttarfar

- 7.1. Mál sem rísa kunna vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. Framsal réttinda

- 8.1. Verksala er óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.
- 8.2. Verksala er enn fremur óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.

9. Endurskoðunarákvæði

- 9.1. Samningsaðilar eru sammála um að endurskoða kostnað og forsendur varðandi álag á starfsmenn vegna verkefnisins ef nauðsyn krefur á samningstímanum.

10. Samningstími

- 10.1. Samningur þessi er gerður skv. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og gildir frá 1. janúar 2017 til 1. janúar 2020.
- 10.2. Samningurinn er þó háður samþykki Alþingis á fjárlögum ár hvert.

11. Frumrit sammings og fyrirvari um staðfestingu

- 11.1. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og telst hvor um sig fullgilt frumrit. Eitt eintak skal vera í vörslu verkkaupa og annað í vörslu verksala.

Reykjavík, 20. janúar 2017

Þorsteinn Víglundsson,
félags- og jafnréttismálaráðherra

Sveinn Kristinsson,
formaður Rauða krossins á Íslandi